

Ding alþjóðaverzlunarráðsins

FRJÁLS VERZLUN sneri sér til Magnúsar Kjaran stórkaupmanns, sem var einn af fulltrúum Íslands á nýafstöðnu þingi alþjóða verzlunarráðsins, og fer frásögn hans hér á eftir:

Þér viljið fréttu af hinu 10. þingi alþjóðaverzlunarráðsins. Gott og vel. Lesið viðtal við dr. Odd Guðjónsson skrifstofustjóra, í Morgunblaðinu 14. þ. m.. Eg hefi litlu við það að bæta. Nema ef þér viljið heyra almennt „snakk“ frá einum kynningarfundinum, sem eg hripaði niður að honum loknum. Voru þar saman komnir inn- og útflytjendur.

Eins og getið hefir verið um, voru á þinginu sérstakar kynningarsamkomur, þar sem þeir menn borðuðu hádegisverð saman, er sameiginleg áhugamál höfðu. Þar gafst mönnum bezt tækifæri til að kynnast og spjalla saman óþvingað, og þar margt á góma. Var þar venjulega ekki nema 1—3 menn frá hverri þjóð. Hver maður hafði nafn síns lands í barminum. Einhver úr framkvæmdanefndinni kynnti hvern og einn er hann kom, og úr því voru allir kunningjar.

Fyrsti Englendingurinn, sem eg hitti, sagði við mig, er hann sá, að ég var frá Íslandi: „Já, rétt, það er þaðan, sem lögðirnar koma“. „Alveg rétt, síðan Ottawa-samningana eru lögðirnar það einasta, sem við getum flutt til Englands án leyfis. Við verðum daglega að neita okkur um hinar góðu og velþekktu ensku vörur, sem við höfum keypt um áratugi af Englendingum. Því miður getum við ekki greitt þær með lögðum“. „Jæja, er líka erfitt að vera smáþjóð?“ — Brasilíumann þar þar að. „Þið þurfið þó ekki að brenna kaffinu eins og við“. „Nei, við brennum það bara. En annars brennið þið nú ekki kaffinu lengur“. „Nei, en við stórtakmörkum framleiðsluna“. „Það gerum við líka. Fiskveiðar í ís, síldarsöltun o. fl.“. „Það getur verið, en það á enginn eins erfitt og Brasilía“. „Við erum mikil kaffidrykkju-þjóð. Borðið þið meiri saltfisk“.

Indland — Ísland. „Við vitum líklega jafnmikið hvor um annars land“. „Eitthvað hefi eg nú lesið um Ísland, nú síðast um hitaveituna, en það var í hollenzku blaði, og þér kannist við Gandhi?“ „Já, og eg las nýlega bók um Indland eftir mann, sem dvalið hafði þar rúman mánuð“. „Já, þegar maður veit svolítið um Indland þá er auðvelt að skrifa bók um það. En hefði höfundurinn dvalið þar í rúman mannsaldur, eins og ég, þá væri það erfiðara. Það þekkir enginn einn maður Indland, heldur ekki Gandhi“.


Finnlendingurinn kvartaði mikið undan sköttunum. Hann sagði, að af 100 þúsund marka árstekjum yrðu þeir að greiða 33% í skatta. „Það er voðalegt, sagði eg. Af slíkum tekjum greiðum við 90%“. „Eru þá allir Íslendingar þrælur?“ „Það er nú svo ljótt orð, og svo hafa ekki allir Íslendingar 100 þús. kr. árs-tekjur“.

Samtalinu við Suður-Afríkumann lýkur með því, að hann stingur upp á því, að við reynum að skipta á hita og kulda.

Daninn hafði orð á því, að viðskiptin milli Danmerkur og Íslands færu þverrandi. „Já og þau minnka enn meir, ef þið getið ekki aukið kaup ykkar á ísl. afurðum“. „Það er erfitt!“ „Það er tilfinnanlegt fyrir okkur, nú þegar ýmsar stórþjóðir heimta „Clearing“, að við á undanfórnum árum skulum hafa keypt fyrir tugi miljóna meira af þeirri þjóð, sem stendur okkur næst, Dönun, en þeir af okkur“. „En það er fyrir rás viðburðanna, en ekki af óvild“. „Vit-anlega“.

Svíinn: „Þér verðið sem sænskur vísikonsúll að sjá um það, að Íslendingar kaupir meira af okkur en þeir gera. Við kaupum svo mikla síld af ykkur“. „Eg vona, að hún bragðist ennþá betur er þér vitið, að hún er mikið öfluð á báta, sem byggðir eru úr sænskri eik, og nær eingöngu knúðir með sænskum hreyflum, og svo er ísl. síldin bezt“. „Já, satt er það“.

Lettlendingurinn talar aðeins um stríð. „Við



Íslendingar í þingveizlu alþjóðaverzlunarráðsins: Frá vinstri til hægri: frá Árnason, frá Sveinbjörnsson, Haraldur Árnason, Jón Sveinbjörnsson, Magnús Kjaram, Oddur Guðjónsson og Þorfinnur Kristjánsson.

erum 2 miljónir, en við munum berjast við Rússa, ef þeir ráðast á okkur“. „En við Þjóðverja?“ „Líka!“ „En ef þeir sameina sig nú á móti ykkur?“ „Það er nú svo gömul fyndni, að við erum hættir að hlæja að henni“. Hann fylltist eldmóði og sagði: „Þér megið ekki gleyma því, að við höfum ekki fengið okkar sjálfstæði með Versalasalningunum. Við höfum barizt fyrir því og unnið það með blóði okkar, og við verjum það á sama hátt, meðan nokkur maður stendur uppi“.

Þjóðverjinn: „Hvernig eru Íslendingar í okkar garð?“ „Eins og Þjóðverjar eru í okkar — vinveittir. Og viðskiptin þau fara sívaxandi. En Þjóðverjum verður að vera það ljóst, að það er erfitt fyrir rösk 100 þúsund manns, að gera jafnvirðis kaup við 80 miljóna þjóð“.

Eg átti tal við marga Japani. Það slær aldrei út í fyrir þeim. Þeir tala um það eitt, hvað þeir geti selt okkur. Allir vilja selja, enginn kaupa.

Við fulltrúa Spánar átti eg langt samtal. „Viðskiptamál okkar eru ekki komin í fast form ennþá, en jafnvirðis kaup verða okkur nauðsynleg fyrst um sinn“, sagði hann.

Það er óskemmtilegt fyrir okkur Íslendinga að ræða um verzlunarmál á þessum tímum. En til hvers erum við þá að hafa fulltrúa á þessu þingi? Þótt við komum ekki með árangurinn í

vösunum, þá er það nú líklega nauðsynlegt fyrir því. — Mörgum fyrirspurnum þarf að svara, og margan misskilning að leiðrétta. Og þar sem við höfum nú bein viðskiptasambönd við yfir 20 þjóðir, og erum á vissan hátt stórveldi á sviði viðskiptanna, þar sem okkar utanríkisverzlun er að jafnaði hlutfallslega meiri en nokkurrar annarar þjóðar, þá væri það æði tómlátlegt og óeðlilegt, að við værum ekki þátttakendur í slíku þingi. Hitt er svo annað mál, að þar sem heimsviðskiptin eru þar til umræðu, og það aðallega í fyrirlestraformi, fluttir af heimskunnum mönnum, að þá erum við, eins og reyndar flestir aðrir, frekar tilheyrendur og áhorfendur — en þátttakendur.

Við heilsuðum upp á forseta þingsins, Mr. Thomas J. Watson, og forseta dönsku nefndarinnar, Holger Laage-Petersen, og létu þeir báðir ánægju sína í ljós yfir þátttöku Íslendinga.

Eg vil líka sérstaklega láta þess getið, hve Danir tóku okkur vel. Það gat ekki verið nein tilviljun, að okkur voru alls staðar ætluð einhver beztu sætin, og ísl. fáninn hafði alls staðar heiðurssætið við hlið danska fánans.

Þinghaldið var stórkostleg auglýsing fyrir Danmörku, allt þrýðilega undirbúið og gert af mikilli rausn og myndarskap, enda ekki til neins

Framh. á bls. 23



Frá sjálfboðaliða

Herra ritstjóri!

Mér finnst „Frjáls verzlun“ svo skemmtilegt og gott blað, að eg vildi mjög gjarnan aðstoða við útbreiðslu þess. Vinsamlegast látið mig vita, á hvern hátt eg gæti best orðið að liði.

Væri ekki heppilegt að auglýsa í blaðinu eftir sjálfboðaliðum til aðstoðar við útbreiðsluna. Ég þekki marga, sem mundu vera fúsir til þess að taka þátt í slíku starfi.

Fyrirhafnarlítið hefi ég safnað 12 áskrifendum og sendi yður hér með nöfn þeirra. Gerið svo vel að senda þeim blaðið frá byrjun, ef nokkuð er eftir af upplaginu.

Með vinsemd,

Karl Guðmundsson.

Kurteisisheimsóknir og pólitísk lán

Herra ritstjóri!

Mig langar til þess að biðja yður fyrir rúm í blaði yðar fyrir eftirfarandi athugasemdir, þótt þær séu ekki beinlínis snertandi frjálsa verzlun eða ófrjálsa.

Mikið má okkur Íslendingum finnast til um, hve erlendar þjóðir sýna oss mikla kurteisi. Þarna rekur hver „kurteisisheimsóknin“ aðra. En það einkennilega er, að það ber mest á þessari „kurteisi“ einmitt á þeim tímum, sem stórþjóðirnar hrista vopnin hver framan í aðra og allt virðist ætla að fara í bál og brand. Á slíkum tímum sýnist einmitt svo, sem 100 þúsund sálir á hrjóstrugu landi norður við heimskaupsbaug séu svo óendanlega þýðingarlitlar. En það virðist öðru nær en svo sé lítið á. Og heimsóknirnar eru í mörgum myndum. — Hingað koma herskip með gínandi kjaft og gapandi trjónu, og án efa slæðist meira og minna til landsins af allskonar mönnum, sem hafa augun hjá sér, án þess að við gefum því sérstakar gætur. Þessar heimsóknir á slíkum tímum geta ekki verið neinar tilviljanir, og óneitanlega liggur mikið á vegna hlutleysis okkar, að rétt sé við þeim snúitz. Okkur ber að vera á verði, en sýna þó öllum vinsemd.

Og svo eru enn aðrar heimsóknir, og á eg þar við heimsóknir stjórnmalamanna frá sambandsríki okkar Danmörku. Skyldi það vera eintóm tilviljun, að háttsettir embættismenn frá því landi eyða sumarfríu sínu hér einmitt á erfiðum og hættulegum tímum í þeirra eigin landi. Eg er ekki trúður á, að svo sé.

Einnig er skemmt að minnast þess, að frægur

danskur stjórnmalamaður kom hingað um daginn, og það fyrsta sem hann fór var upp í stjórnarráð — í „kurteisisheimsókn“. Hann er hér líka í sumarleyfi. Það eru tveir pólitískir flokkar hér á landi, sem hafa náð samband við stjórnmalaflokka í öðrum löndum, en það eru sósíalistar (Alþýðuflokkurinn) og kommúnistar. — Báðir hafa fengið erlent fé til starfsemi sinnar. Nú koma fulltrúar frá sósíalístum á Norðurlöndum hingað í heimsókn, og „veldi og dýrð“ þeirra í heimalandinu er notuð áberandi til framdráttar „bróður“-flokknum hér heima. Og erlent lán, hjá pólitískum flokki, er tekið til að byggja hér upp stjórnmalastarfsemi og meira að segja ráðherra hér heima ásamt fleirum í ábyrgð fyrir skilvisri greiðslu. Það sýnist þó svo, sem ráðherrar ættu ekki að standa í persónulegum ábyrgðum fyrir háum pólitískum lánnum fengnum erlendis. Okkur Íslendingum er rétt að gæta að hvar við stöndum. Við viljum vináttu allra, en halda þó okkar hlut. Þess vegna er rétt að vera á verði.

Finnur.

Viðtal við Magnús Kjaran trh. af bls. 13

sparað, ekki aðeins í skrautsýningum og veizluhöldum, sem mikið hefir verið skrifað um, heldur í öllu, er að sjálfu þinginu laut.

Þannig var þinghús Dana. Kristjánsborg öll tekin til afnota þingsins, og hafði hvert land sitt herbergi til umráða. Allar ræður, er fluttar voru, á hvaða máli sem var, mátti samtímis heyra á frönsku, ensku og þýzku. Sama fyrirkomulag og á fundum Þjóðabandalagsins í Genf.

Túlkarnir hafa látið í ljós álit sitt á því, hverjir væru þarna mestir ræðumenn. En mér fannst Paul v. Zeeland, fyrrverandi forsætisráðherra Belgíu bera af hvað mælsku og glæsimennsku snerti í ræðustól.

Hin yfirvofandi stríðshætta setti vitanlega sinn blæ á þingið, enda var þess merkasta ályktun hin svonefnda „friðarályktun“, og þingið var einskonar friðarþing, en þó var mest talað um stríð af öllum — nema Þjóðverjum.

Eg hefi víða farið og margt séð, en þessi vika í Kaupmannahöfn gleymist seint.

Hvaðan fá Japanar stuðning

Einkennilegt er það, sem enska blaðið Daily Herald hefir ljóstrað upp um stuðning Breta og Bandaríkja við Japan, ef það er rétt. Blaðið segir að í fyrra hafi Japanir fengið 57% af hernaðarvörum sínum frá U. S. A. og 20,5% frá brezka heimsveldinu og 8,5% frá Hollandi, en frá Þýzkalandi 8% og Ítalíu tæplega 1%. Ekki vita menn hverjar eru heimildir Daily Herald, en séu þær réttar, ætti það að vera á valdi Breta og Bandaríkjamanna, að stöðva stríðið í Kína.